

## 74. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 3. apríl 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru úr Fræðslunefnd Björn Sverrisson, formaður, Kristín Víðisdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Erna Guðmundsdóttir, varafulltrúi og Alda Pálsdóttir, varafulltrúi og fulltrúi foreldraráðs. Katrín Pálsdóttir og Katrín Gísladóttir boðuðu forföll Auk þeirra Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri og Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri, Elín G. Pálsdóttir, fulltrúi kennara í leikskóla og Unnur Breiðfjörð, fulltrúi kennara.

Formaður setti fund, bauð nýja fulltrúa velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.
- 1.1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.
  1. Tónlist fyrir alla var 7. mars sl. í Stykkishólmskirkju.
  2. Samstarf leik- og grunnskóla, fundur þar sem farið var yfir hina ýmsu þætti.
  3. Árshátíð GSS, yngri deildir 29.3. og eldri deildir 30.3.
  4. Nemendaferðir GSS:
    - a) Skíðaferð 7. bekkjar 3.-5. apríl.
    - b) Laugaferð 8. bekkjar 3.-7. apríl.
    - c) Menningarferð 5. bekkjar 7.-8. apríl.
  5. Páskafri GSS frá 8. apríl – 24. apríl inni í því eru tveir vetrarfrisdagar.
  6. Nemendaheimsókn í Norska húsið 24. apríl.
  7. Undirbúningur vegna samræmdra prófa í 10. bekk.

Formaður gaf orðið laust til fyrirspurnar.

Formaður spurði um árshátíðina og breytt fyrirkomulag varðandi stóru kaffiveisluna. Raddirnar hafa frekar verið jákvæðar en hitt og sjálfsagt verið kominn tími á breytingar. Fundarmenn almennt jákvæðir og eins með breytt fyrirkomulag hjá eldri nemendum. Bent var á myndir á [www.stykk.is](http://www.stykk.is) frá árshátíðinni.

Spurt var út í Tónlist fyrir alla þar sem fram kom í skýrslu skólastjóra að mikil ánægja er meðal aðstandenda Tónlistar fyrir alla með aðkomu heimamanna hér að verkefninu. Skólastjóri svaraði því til hvernig staðið er að hlutunum hér í kringum viðburði á vegum Tónlistar fyrir alla og að nemendur hér séu til fyrirmyndar í alla staði a viðburðum þessum og að eftir því sé tekið.

Fundarmenn sammála um að almenn þátttaka í tónlistarskólanum og tónfundum og tónleikum á hans vegum skipti miklu máli í þessu sambandi.

- 1.2. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.
  1. Leikskólanum var boðið á forsýningu vegna árshátíðar grunnskólans og fóru tveir elstu árgangarnir.
  2. Helga Sveinsdóttir, væntanlegur kennari 1. bekkjar kemur og verður með í skólastund. Fundur er afstaðinn þar sem kennarar og skólastjórar fóru yfir málin og ákveðnar voru nokkrar breytingar á annars mjög góðu fyrirkomulagi. Það var varðandi námsefni sem fer á milli skólastiga.

Einnig var ákveðið að hafa sameiginlegan fund skólanna með foreldrum elstu barna leikskólans.

3. Væntanleg er heimsókn frá lögreglunni þar sem farið verður yfir hjálma, hjól, umferðarreglur, belti í bílum o.fl.
4. Stefnt er að því að ljúka formlega námskrárvinnu nú í vor.
5. Opið hús verður í leikskólanum 20. apríl frá kl. 10:30-12:30. Það er hefðbundin sýning á verkum barnanna og starfinu í vetur.
6. Starfsdagur verður 21. apríl.
7. Í leikskólanum eru að byrja í aðlögun tvær sex ára stúlkur sem voru að flytja í bæinn, önnur frá Akureyri en hin frá Póllandi og fara þær í 1. bekk í haust.
8. Einhverjar breytingar verða á starfsmannahópnum í vor og haust. Elín Dóra Sveinbjörnsdóttir hefur lagt fram uppsagnarbréf og hættir 1. maí. Einnig er ein á leið í fæðingarorlof. Strax er byrjað að skoða barnafjölda næsta vetur en engar tölur birtar strax.
9. Sumarfrí leikskólans verður frá 10. júlí til 14. ágúst.
10. Hafist verður handa í sumar við það að fara í gegnum húsnæðið og hvað verður flutt með í nýja leikskólann og er mikil vinna framundan við að fara í gegnum gömul verðmæti.
11. Framkvæmdir við leikskólann eru á áætlun og lofar framhaldið mjög góðu.

Formaður gaf orðið laust fyrir fyrirspurnir til Sigrúnar.

Fyrirspurn kom fram um lóðaframkvæmdir á svæði nýja leikskólans, hvort þeim verði lokið í sumar og einnig var spurt út í bílalanið við nýja leikskólann. Skólastjóri svaraði því til að þetta verði kannað.

Spurt var nánar út í Tónlist fyrir alla hvort þetta sé eingöngu fyrir nemendur grunnskólans. Skólastjóri svaraði því til að svo sé.

## 2. Upplýsingamál.

Formaður hefur skoðað upplýsingamál skólanna. Ræddi Mentor kerfið og lýsti ánægju sinni með breytingar á heimasíðu grunnskólans og myndir frá starfsemi og einnig heimasíðu leikskólans þar sem einnig er mikið af myndum. Margt á heimasíðu leikskólans sem er mjög gott, s.s. forvarnarstefna, foreldrahandbók. Ræddi mismunandi upplýsingaflæði frá kennurum inni á Mentor og hvort þurfi ekki sífellt að vera vakandi.

Fundarmenn sammála um að alltaf megi gera betur. Áfram þarf að vinna með þessar nýjungar og gera ráð fyrir tíma til að allir nái að tileinka sér tæknina.

Skólastjóri grunnskóla svaraði því til að gerð sé krafa um ákveðnar lágmarksupplýsingar og upplýsingaflæði frá öllum. Töluverð breyting hefur orðið til hins betra á síðustu vikum og verður unnið áfram með hlutina í rétta átt. Skólastjóri leikskóla ræddi einnig málefni heimasíðu leikskólans.

Formaður ítrekaði ánægju sína með að ákveðin atriði eru vel gerð og einnig að það séu ákveðnir hlutir sem gera megi betur.

Almennar umræður voru um Mentor. Ræddar leiðir til að efla notkun á Mentor, hvort skoða mætti að halda kynningarfund á kerfinu.

3. Önnur mál.

- a) Rætt um félagsstarf unglunga (16-20 ára) og úrræði fyrir þennan hóp önnur en íþróttir. Stór hópur þessara krakka kemur að uppsetningu Leikfélagsins Grímnis og eru vonbrigði með aðsókn að sýningunum og áhugaleysi fyrir því mikla starfi sem liggur að baki. Krakkarnir fá 3 einingar í skólanum fyrir þessa þátttöku og var verkið valið með þennan aldurshóp í huga. Þessi starfsemi skipar því stóran sess í félagsstarfi aldurshópsins í vetur. Umræður urðu um málið.  
Ljóst er að vinna þarf áfram að því að finna afþreyingu fyrir þennan hóp. Einnig þarf að kynna þetta starf vel og hvað liggur að baki.  
Að lokum bent á að hér í Stykkishólmsbæ vanti húsnæði fyrir uppákomur sem þessar.
- b) Fyrirspurn kom fram um hve margir kennarar fóru UT-þingið í Grundarfirði. Skólastjóri svaraði því til að Eyþór Benediktsson hafi sótt ráðstefnuna fyrir hönd grunnskólans.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:47.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).